

Alþingi
Erindi nr. P 139/2460
komudagur 17.5.2011

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 6. maí 2011, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (620. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um svokalla „þaktilskipun ESB“. Markmið tilskipunarinnar er að vernda umhverfið og heilsu manna gegn skaðlegum áhrifum súrrar ákomu, ofauðgunar jarðvegs og ósoni við yfirborð jarðar. Vegna tilskipunarinnar þurfa Íslendingar að takmarka losun á þeim efnum sem undir hana falla (brennisteinsdíoxíði, köfnunarefnisoxíði, rokgyörnum lífrænum efnasamböndum og ammoníaki). Þá er nauðsynlegt að breyta reglum um upplýsingaskyldu fyrirtækja sem þurfa að upplýsa um losun, um losunarbókhald o.fl.

Umhverfisráðherra hefur boðað frumvarp á næsta þingi vegna framangreindra breytinga og kemur það væntanlega til efnislegrar meðferðar í umhverfisnefnd. Ekki er gert ráð fyrir að lagabreytingar vegna málsins hafi í för með sér umtalsverðan kostnað né hafa stjórnsýslulegar afleiðingar hér á landi. Leggur nefndin því til að tillagan verði samþykkt, og hyggst fjalla ítarlega um efnisákvæði málsins þegar þau koma til hennar kasta.

Kristján Þór Júlíusson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 2011.

Mörður Árnason,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgir Ármannsson,
Björn Valur Gíslason,
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,
Skúli Helgason,
Birgitta Jónsdóttir.